



Fundargerð

466. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 15. apríl 2021, kl.15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir (ÁÝS) í forföllum Ingimars Ingimarssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Ein fundargerð barst, og var samþykkt að taka hana á dagskrá undir liðnum fundargerðir sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 465. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 13. apríl 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

ÁHH víkur af fundi.

- 2.1. 1903004 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 -2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna ásamt svörum við athugasemdum og að breytingin verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar fyrir gildistöku með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

ÁHH kemur aftur inn á fundinn

- 2.2. 2104001 – Tröllendi 7229451, umsókn um byggingaleyfi.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.3. 2104002 – Valshamar 2122713 sumarbústaður, umsókn um breytta notkun.
Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.4. 2104003 – Hofstaðir 139591, umsókn um stofnun lóðar Hofstaðarland 1.
Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.5. 2104007 – Hellisbraut 6 2122728, umsókn um byggingaleyfi, kvistur.
Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.6. 2104005 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, náma við Álftadalsá.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.7. 2104008 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, breyting á legu Djúpadalsvegar.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.8. 2011007 – Hólar 139594, áform um skógrækt.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.9. AB-fasteignir, umsóknir um framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Múlaá.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.10. Skáldsstaðir 139671, umsókn um leyfi til niðurrifs á fjárhúsum og hlöðu.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin staðfest að öðru leiti.

3. Svæðisskipulagsnefnd 23. mars 2021.
Farið yfir fundargerðina. Fundargerðin staðfest.

4. Umhverfisnefnd 14. apríl 2021.
Farið yfir fundargerðina, umhverfisdagurinn verður haldinn 24. apríl, fundargerðin samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2102022 - Ráðningar í stjórnendastöður.

Þrjú störf voru auglýst opinberlega og var Hagvangur fengin til ráðgjafar í ráðningaferlinu.

Skrifstofustjóri.

Þrjár umsóknir bárust í stöðu skrifstofustjóra.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur í starf skrifstofustjóra til eins árs. Ásta Sjöfn útskrifaðist úr rekstrarfræði við Samvinnuskólann á Bifröst og sem grunnskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands. Ásta hefur starfað sem grunnskólakennari og skólastjóri við Reykhólaskóla. Einnig starfar hún sem þjónustufulltrúi hjá Landsbanka Íslands. Hún sat í sveitarstjórn Reykhólahrepps árin 2010 – 2014 og í nefndum og ráðum.

ÁHH vikur af fundi.

Matráður

Fimm umsóknir bárust í stöðu matráðs, tveir drógu umsóknir til baka.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Pétur Boga Hockett í starf matráðs við mötuneyti Reykhólahrepps. Pétur Bogi útskrifaðist sem matreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskóla Íslands og hefur starfað í hótel og veitingageiranum í fjölmörg ár.

ÁHH kom aftur inná fundinn.

Umsjónarmaður íþróttamannvirkja.

Ein umsókn barst og var sú umsókn dregin til baka.

Starfið hefur verið auglýst að nýju.

Sveitarstjórn býður Ástu og Pétur velkomin til starfa.

2. 2102026 - Tilboð í rekstur tjaldsvæðis.

Rekstur tjaldsvæðis við Grettislaug 2021, var boðinn út með auglýsingu þann 19. febrúar 2021. Tilboð skyldu berast eigi síðar en 15. mars 2021.

Tilboð bárust frá eftirfarandi;

1. Jón Þór Kjartansson kr. 245.500,-

Sveitastjórn hafnar tilboðinu en felur sveitarstjóra að leita samninga við Jón Þór Kjartansson. Samþykkt samhljóða.

3. 2102020 - Sorpmál í Reykhólahreppi.

Lagt fram tilboð frá Íslenska Gámafélaginu varðandi sorppjónustu í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið samþykkir að leggja til fyrstu tunnur, til flokkunar á úrgangi, til notkunar við heimilin í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.

4. 2104010 - Kjör fulltrúa Reykhólahrepps í stjórn Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf. Sveitarstjórn kys *Emblu Dögg B. Jóhannsdóttur sem aðalfulltrúa og Karl Kristjánsson sem varafulltrúa sveitarfélagsins í stjórn Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf. Samþykkt samhljóða.*

5. 2104011 - Kjör fulltrúa Reykhólahrepps í fulltrúaráð Reykhóla hses. Sveitarstjórn tilnefnir eftirfarandi aðila í fulltrúaráð Reykhóla hses:

Karl Kristjánsson
Herdís Erna Matthíasdóttir
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
Rebekka Eiríksdóttir
Sveinn Ragnarsson

Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar 2104012 - Ályktun Vestfjarðarstofu vegna samgangna.

Lögð fram til kynningar.

6. 2104013 - Aukin stuðningur við úrbætur vegna fatlaðra. *Lagt fram til kynningar.*

7. 2104014 - Landvarsla við Breiðafjörð 2021. *Lagt fram til kynningar.*

8. 2103022 - Stækkuð samgöngunefnd FV, fundargerð 1. mars 2021 *Fundargerð lögð fram til kynningar.*

9. 2102015 - 896. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

10. 2102014 - 188. Fundur Breiðafjarðarnefndar.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:35

_____	_____
_____	_____
_____	_____